



Þinggerð

55. landsþing Landsambands hestamannafélaga

haldið á Hótel Borgarnesi 27. og 28. október 2006

Þingforsetar:

Marteinn Valdimarsson, Skugga

Sigurður Ragnarsson, Faxe

Ritarar:

Kristján Gíslason – aðalritari, Skugga

Birna Kristín Baldursdóttir, Skugga

Annað starfsfólk:

Sigrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri LH og Sólveig Ásgeirsdóttir skrifstofu LH, ásamt góðu hjálparfólki frá hestamannafélaginu Skugga

Föstudagur 27. október

Jón Albert Sigurbjörnsson formaður LH setti þingið. Bauð hann þingfulltrúa og gesti velkomna til þings og lýsti ánægju sinni með góða mætingu.

Formaður minntist látinna gullmerkishafa LH, þeirra Hákonar Bjarnasonar Reykjavík, Skúla Kristjónssonar Svignaskarði, Steinþórs Gestsonar frá Hæli, Þorkels Bjarnasonar Laugarvatni og annarra látinna félaga. Þinggestir risu úr sætum og vottuðu látnum félögum virðingu sína.

Þingforsetar voru kjörnir:

Marteinn Valdimarsson og Sigurður Ragnarsson

Þingritarar voru kjörin:

Kristján Gíslason og Birna Kristín Baldursdóttir

Tók Marteinn við stjórn fundarins, þakkaði traustið og bauð þingfulltrúa velkomna í Borgarnes. Þingforseti leitaði eftir athugasemdum við boðun þings og framlagða dagskrá. Engin athugasemd barst.

ÁVÖRP GESTA:

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri Borgarbyggðar bauð gesti velkomna. Þakkaði hann gott samstarf við hestamenn. Eins þakkaði hann landbúnaðarráðherra stuðning við byggingu reiðhalla, bæði í Borgarnesi og á landinu öllu. Árnaði hann þinginu alls hins besta í störfum sínum.

Guðni Ágústson landbúnaðarráðherra. Óskaði hann hestamönnum gleðilegrar hátíðar sem hér fer í hönd. Hestamennskan sem ný og öflug búgrein, hefur haslað sér völl hér á landi. Vel hefur verið að verki staðið undanfarið og fyrir það þakkaði hann gott samstarf síðustu ár. Sérstaklega minntist hann á stuðning við átaksverkefni sem ráðist hefur verið í á síðustu árum. Menntun og þjálfun fagsfólks hefur skilað miklum árangri. Hefur Hólaskóli þar skipt verulegu máli. Hvatti hann til samstöðu um málefni hestamanna. Nefndi hann stuðning við reiðhús og hallir og að 28 aðilar hafa fengið loforð un stuðning til reiðhúsagerðar, bæði stór og smá. Áframhaldandi stuðningur verður skoðaður eftir kosningar. Tollar falla niður um áramót af hestum, það verður hestamönnum til góðs. Guðni lýsti þeirri skoðun sinni að samtök hestamanna eigi ekki að vera á öndverðum meiði varðandi fagrað hestamanna. Verður höggvið á þann hnút eftir fá daga, verði ekki komist að samkomulag áður. Landsmótsstaðir skipta máli en ferðamennska hefur aldrei verið meiri og kröfur sífellt að aukast. Hvatti hann síðan hestamenn til að gæta fyllsta öryggis. Óskaði hann síðan LH alls hins besta á komandi árum en hestamenn eru fólk sem láta verkin tala.

Ólafur Rafnsson forseti Íþróttta – og Ólympíusambands Íslands. Ólafur þakkaði boðið og LH til hamingju með þingið. Er þetta eitt af stærstu þingum innan raða ÍSÍ. Lagði hann út af kjörorðum þingsins – Íþrótt – menning – lífsstíll, en þetta eru glæsileg einkunnarorð fyrir sérsamband. Minntist hann á mannvirkjagerð vegna hestamennsku og þá velli, reiðvegi og reiðhallir. Færði hann landbúnaðarráðherra þakkir fyrir góðan stuðning við greinina sem og ÍSÍ. Lýsti hann upplifun sinni af Landsmóti hestamanna í sumar og hversu glæsilegt það var. Fjárhagur LH er mjög traustur, sem er jákvætt fyrir sambandið og íþróttina. Sérstaklega þakkaði hann Jóni Alberti langa og farsæla samvinnu innan íþróttahreyfingarinnar. Færði

hann Jóni Alberti skjöld og blómvönd í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf. Að lokum óskaði Ólafur þinginu velfarnaðar í störfum sínum.

Bergur Jónsson formaður Félags tamningamanna. Sagði hann það mikinn heiður að fá að koma og ávarpa þingið fyrir hönd FT. Þakkaði hann Jóni Alberti fyrir samstarfið og óskaði honum jafnframt velfarnaðar innan stjórnar FEIF. Hestamennska á sér mikil tækifæri framundan og því áriðandi að vel sé staðið að málum. Knapamerkjakerfið er dæmi um vel unnið verk. Óskaði hann þvínæst eftir málefnalegu þingi.

Kristinn Guðnason formaður Félags hrossabænda. Hann bar þinginu kveðju Félags hrossabænda. Mörg sóknarfæri blasa við, m.a. knapamerkjakerfið og fjármagn til reiðskála. Þakkaði hann landbúnaðarráðherra góðan stuðning m.a. til þessara verkefna. Þakkaði hann Jóni Alberti gott samstarf liðinna ára. Núningur hefur verið milli félaganna en það ristir ekki djúpt og verða ágreiningsmál leyst.

Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur. Fór hann aðeins yfir söguna og taldi hann að með stofnun Landsmóts hestamanna ehf. færi samstarf vaxandi og væri það af hinu góða. Ræddi hann landsmót á Vindheimamelum s.l. sumar. Var hlutur ræktunarhrossa góður. Þó var ekki allt jákvætt. Dýralæknar sem voru að skoða hross urðu oft fyrir ótrúlegum árásum við störf sín. Er þetta ljótur ljóður í fari knapa og eigenda. Eins bar á því að mætt væri með hesta sem úrskurðaðir höfðu verið ókeppnisfærir. Telur hann of langt gengið í auðhyggju og metnaði. Óskaði hann þingheimi velfarnaðar í starfi.

Þingforseti las upp bréf frá **Grími Gíslasyni Blönduósi** sem þakkaði boð á þingið og óskaði þinginu velfarnaðar í störfum.

FÉLAGAR HEIÐRAÐIR:

Jón Albert Sigurbjörnsson formaður LH þakkaði góð orð í sinn garð frá gestum. Hann kallaði til sín þrjá hestamenn sem heiðraðir eru á þessu þingi fyrir vel unnin störf í þágu hestamenskunnar.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, Selfossi

Ólöf Kolbrún Guðbrandsdóttir hrossaræktandi, Nýjabæ

Magni Kjartansson hrossaræktandi, Árgerði

Guðni Ágústsson þakkaði fyrir heiður þeim sýndumog óskaði Ólöfu og Magna til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu fyrir áratuga störf og þátttöku í hestamennsku. Hann þakkaði fyrir samstarf sitt við LH undanfarin ár, sérstaklega þakkaði hann Jóni Albert samstarf liðinna ára.

KJÖRBRÉFANEFND skilar álit:

Þorvaldur Sigurðsson hestamannafélaginu Andvara var formaður kjörbréfanefndar en aðrir nefndarmenn voru Saga Steinþórsdóttir og Halldór Olgeirsson.

45 félög eiga rétt til þingsetu með alls 160 fulltrúa. Alls hafa 41 félag skilað kjörbréfi með 154 fulltrúum. Formaður las síðan upp nöfn félaga og fullrúa þeirra.

Andvari Þorvaldur Sigurðsson, Oddur Hafsteinsson, Ágúst Hafsteinsson, Halldór Halldórsson, Kristinn Hugason, Guðjón Tómasson, Sigvaldi Hafsteinsson og Harpa Kristjánsdóttir

Blær Vilberg Einarsson og Ingólfur Arnarson

Dreyri Dóra Línadal Hjartardóttir, Marteinn Njálsson og Ólafur Guðmundsson

Faxi Gunnar Örn Guðmundsson, Sigurbjörn Garðarsson, Baldur Á Björnsson og Jón Eyjólfsson

Fákur Hulda Gústafsdóttir, Auðunn Valdimarsson, Bjarni Finnsson, Helga Claessen, Þorgrímur Hallgrímsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Saga Steinþórsdóttir, Jónas Kristjánsson, Arnar Guðmundsson, Þorvarður Helgason, Marianna Gunnarsdóttir, Kári Arnórsson, Snorri B. Ingason, Anna Sigurðardóttir, Helga B. Helgadóttir, Ragnar Petersen, Garðar Sigursteinsson, Viðar Halldórsson, Vilhjálmur Skúlason, Hinrik Bragason, Rúnar Bragason, Ragnar Tómasson og Árni Guðmundsson

Feykir Halldór S. Olgeirsson

Freyfaxi Bergur Hallgrímsson og Einar Kristján Eysteinnsson

Funi Brynjar Skúlason, Jónas Vigfússon

Geyrir Ásmundur Þór Þórisson, Erlendur Árnason, Jón Jónsson, Eiður Einar Kristinnsson, Árni Jóhannsson og Svavar Ólafsson

Glaður Þórður Ingólfsson, Sigurður Jökulsson og Eyþór J. Gíslason

Glæsir Hreinn Júlíusson og Haraldur Marteinnsson

Grani Gísli Haraldsson

Gustur Sveinbjörn Sveinsbjörnsson, Bjarnleifur Bjarnleifsson, Bjarni Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Haraldur Guðfinnsson, Þorsteinn Ragnarsson, Halldór Svansson og Guðmundur Pálsson

Háfeti Sesselja Sólveig Pétursdóttir

Hending Jónas Björnsson

Hornfirðingur Kjartan Hreinsson og Hanni Heiler

Hringur Þorsteinn Hólm og Stefán Friðgeirsson

Hörður Guðmundur Björgvinsson, Marteinn Hjaltsted, Þröstur Karlsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Guðjón Magnússon, Marteinn Magnússon, Sigurður Teitsson, Anna B. Eðvarðsdóttir og Lea Helga Ólafsdóttir

Kópur Gísli Kjartansson og Jón Geir Ólafsson

Léttfeti Ragnar Pálsson, Stefán Reynisson og Guðmundur Sveinsson

Léttir Kjartan Helgason, Baldvin Ari Guðlaugsson, Ásgeir Valdimarsson, Úlfhildur Sigurðardóttir, Sigfús Helgason, Ásta Ásmundsdóttir, Hólmgeir Valdimarsson, Hansína María Haraldsdóttir og Andrea Þorvaldsdóttir

Ljúfur Anna Björg Níelsdóttir, Benedikt G. Benediktsson

Logi Kristinn Antonsson, Guðrún Magnúsdóttir og Hólmfríður Ingólfssdóttir

Máni Guðbergur Reynisson, Haukur Aðalsteinsson, Margeir Þorgeirsson, Jón B. Olsen Sigurður V. Ragnarsson

Neisti Þorgils Magnússon og Vignir Á. Sveinsson

Sindri Petra K. Kristinsdóttir

Skuggi Kristján Þ. Gíslason, Halldór Sigurðsson og Helgi Helgason

Sleipnir Jón S. Gunnarsson, Dagmar Inga Kristjánsdóttir, Elín Magnúsdóttir, Leifur Helgason, Sigurður Grímsson og Valur Örn Gíslason

Smári Bjarni Birgisson, Guðni Árnason, Bára Másdóttir, Ingvar Hjálmarsson og Helgi Kjartansson

Snæfaxi Ágúst Máni Ágústsson

Snæfellingur Sigrún Ólafsdóttir, Sigrún Bjarnadóttir og Jökull Helgason

Sóti Anton Kjartansson og Jörundur Jökulsson

Stígandi Eymundur Þórarinnsson, Hinrik Már Jónsson og Lárus Dagur Pálsson

Stormur Sigþór Gunnarsson

Svaði Þorvaldur Gestsson og Halldór Þorvaldsson

Sörli Sigurður Ævarsson, Björn Bjarnason, Kristín Ingólfssdóttir, Brynja Björk Jónsdóttir, Vilhjálmur Ólafsson, Sólveig Ólafsdóttir, Páll Ólafsson, Lilja Bolladóttir og Margrét Frímasdóttir

Trausti Kristinn Vilmundsson og Bjarni Þorkelsson

Þjálfí Marínó J. Aðalsteinsson og Erlingur Ingvarsson

Þráinn Sigurbjörn Þór Jakobsson

Þytur Sigrún K. Þórðardóttir, Gréta Brimrún Karlsdóttir og Kjartan Sveinsson

Þingforseti bar upp álit kjörbréfanefndar og var það samþykkt samhljóða.

KJÖR ÞINGNEFNDA:

Guðmundur Hagalínsson formaður kjörnefndar kynnti störf nefndarinar. Þingnefndir, samkvæmt lögum LH eru 6, auk þess sem skipa má fleiri ef þing samþykkir. Nefndin gerir tillögu um 9 nefndir. Skipaðir eru fimm fulltrúar (þar af einn formaður) til að tryggja starfshæfni nefndar. Aðrir fulltrúar taki sér sæti í þeirri nefnd sem þeir óska eftir. Geta þeir þó aðeins tekið þátt í atkvæðagreiðslu í einni nefnd, komi til þess.

Guðmundur vitnaði m.a. í lög LH um hlutverk kjörnefndar og kosningu kjörbréfanefndar:

Úr kafla 1.4.2. Stjórnskipaðar nefndir

Auk framangreindra nefnda skipar stjórn LH kjörnefnd þriggja manna eigi síðar en 2 mánuðum fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, þingnefndir og formenn þingnefnda.

Kjörnefnd skal gera tillögu til stjórnar LH um skipun kjörbréfanefndar eigi síðar en 2 vikum fyrir landsþing hverju sinni.

Hlutverk kjörbréfanefndar er fyrst og fremst að fylgja eftir gr. 1.2.3. í lögum LH.

Áliti kjörnefndar var dreift til fundarmanna.

Þingforseti kallaði eftir athugasemdum og smávægilegar leiðréttingar voru gerðar.

Fjárhagsnefnd

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, formaður Andvara

Ólöf Guðmundsdóttir Fákí

Þórður Ingólfsson Glaði

Haraldur Guðfinnsson Gusti

Hólmgeir Valdimarsson Létti

Allsherjarnefnd

Sigurður V. Ragnarsson, formaður Mána

Oddur Hafsteinsson Andvara

Sigþór Gunnarsson Stormi

Kjartan Helgason Létti

Helga Claessen Fáki

Æskulýðsnefnd

Þorvaður Helgason, formaður Fáki

Sólveig Ólafsdóttir Sörla

Gunnar Pétur Róbertsson Mána

Hilmar Daníelsson Hring

Ásta Ásmundsdóttir Létti

Keppnisnefnd

Þröstur Karlsson, formaður Herði

Maríanna Gunnarsdóttir Fáki

Hinrik Már Jónsson Stíganda

Bjarnleifur Bjarnleifsson Gusti

Halldór Sigurðsson Skugga

Kynbótanefnd

Bjarni Þorkelsson, formaður Trausta

Dóra Líndal Hjartardóttir Dreyra

Svavar Ólafsson Geysi

Sigurður Jökulsson Glaði

Eymundur Þórarinnsson Stíganda

Ferða- og umhverfisnefnd

Vilhjálmur Ólafsson, formaður Sörla

Kári Arnórsson Fáki

Hansína María Haraldsdóttir Létti

Haukur Aðalsteinsson Mána

Kolbrún Haraldsdóttir Herði

Fræðslu- og útgáfunefnd

Bjarni Finnsson, formaður Fáki

Benedikt Benediktsson Ljúfi

Elín Magnúsdóttir Sleipni

Hermann Árnason Sindra

Sigrún Bjarnadóttir Snæfellingi

Skipulagsnefnd

Vilhjálmur Skúlason, formaður Fáki

Jón S. Gunnarsson Sleipni

Gunnar Örn Guðmundsson Faxe

Jón Jónsson Geysi

Guðlaug M. Ásgeirsdóttir Kópi

Mannvirkjanefnd

Kjartan Hreinsson, formaður Hornfirðingi

Björn Bjarnason Sörla

Jónas Vigfússon Funa

Guðni Árnason Smára

Þorgrímur Hallgrímsson Fáki

SKÝRSLA STJÓRNAR OG REIKNINGAR:

Jón Albert Sigurbjörnsson formaður flutti skýrslu stjórnar sem gefin er út í prentuðu formi með fundargögnum og vísast til hennar.

Fór Jón yfir helstu þætti skýrslunnar. Hann taldi miður að ekki var hægt að halda úti stöðu framkvæmdastjóra Landsmóts ehf sem átti að nýtast LH einnig.

Brýn framtíðarverkefni LH eru t.d. samstarf félaga um öryggismál, fræðslu- og kynningarmál. Reiðvegamál er eitt af stærstu málum LH og gerði Jón Albert grein fyrir þróun úthlutunar reiðvegafjár og breytt skipulag reiðveganefnda. Að mati formanns þarf aukin sérfræðiaðstoð við félögin að koma til, eigi viðunandi árangur að nást. Endurskoða þarf samstarf við Landmælingar ríkisins um söfnun GPS punkta. Fagnaði hann frumkvæði Jónasar Kristjánssonar í útgáfu GPS markaðra reiðleiða á vefnum. Það verður að tryggja réttarstöðu reiðmanna á reiðvegum.

Verkefni landsliðs og landliðsnefndar eru hefðbundin. Næsta heimsmeistaramót verður í Hollandi næsta sumar. Gaman væri að auka verkefni unglingalandsliðs hjá LH.

Kom formaður víða við og ræddi þau málefni sem bíða hestamannaá komandi misserum og studdi hann erindi sitt með glærum. Kynnti hann stefnumótunarvinnu sem farið hefur fram síðustu árin og brá upp mynd af skipuriti sem næsta stjórn mun vinna áfram.

Að lokinni skýrslu þakkaði Jón samstarfsfólki og hestamönnum öllum fyrir samstarfið.

Ársreikningar 2004 og 2005, 8 mánaða uppgjör og

fjárhagsáætlanir fyrir 2007 og 2008

Guðný G. Ívarsdóttir gjaldkeri LH lagði fram reikninga sambandsins fyrir árin 2004 og 2005 og skýrði þá. Einnig kynnti hún átta mánaða rekstur LH og fjárhagsáætlanir 2007 og 2008, var þeim vísað til fjárhagsnefndar.

Tekjur voru árið 2004 kr. 23.605.244,-. Gjöld voru 20.908.241 Hagnaður ársins án fjármagnsliða var 2.697.003 alls með fjármagnsliðum 2.732.682,-.

Tekjur voru árið 2005 kr. 36.306.640,-. Gjöld kr. 32.031.724.- Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði kr. 4.274.916.- .

Sjá nánar í skýrslu stjórnar – hefti sem dreift var á þinginu.

UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA

umskýrslu stjórnar og reikninga:

Kristinn Hugason: Margt gott má segja um starfsemi LH á síðustu tveimur árum. Þó er vert að huga að ýmsu, t.d. hvað hestamenn eiga að gera og hvar ábyrgð liggur. Hvað heyrir undir ríkisvald og sveitarstjórnir og hvað hestamenn sjálfa. Gefur ekkert fyrir það að reka almenningfélög s.s. félag um

landsmót með hagnaði. Félögin þurfa að bera sig og vera rekin af myndarskap. Hagnaðarsjónarmið eiga ekki að vera í fyrirrúmi. Hversvegna er LH komið í samstarf við Fjölbautaskóla Suðurlands um hestabraut. Það er dæmi um hlut sem LH á ekki að standa að.

Marteinn Magnússon: Hlutir eru ekki unnir þrátt fyrir samþykktir þinga. Fyrir síðasta landsþing óskaði hann eftir reikningum LH en fékk ekki. Á þinginu var samþykkt að stjórn geri kjörnum fulltrúum kleift að kynna sér reikninga tímanlega fyrir þing, hugsanlega á lokuðu svæði á heimasíðu LH. Þetta hefur ekki gengið eftir og því hefur samþykkt síðasta þings verið hunsuð. Gagnrýndi hann það. Hann gagnrýndi einnig framsetningu reikninga á síðasta þingi. Hefur framsetningin lítið sem ekkert batnað. Er þetta LH til lítils sóma. Óskaði hann svara frá gjaldkera. Spyr hann um útkomu heimsmeistaramóts og hvar það er að finnan í reikningum. Eins biður hann um upplýsingar um ávöxtun handbærs fjár LH. Eins er óskað eftir áætlunum um ráðstöfunum hagnaðar. Peningana á að nota til eflingar starfs að hans mati. Þakkaði gjaldkera góð störf á síðustu árum.

Jón Albert formaður LH svaraði fyrirspurnum Marteins. Við skoðun kom í ljós að óásættanlegt er að senda reikninga út áður en þeir eru samþykktir af þinginu og því kom ekki til greina að birta þá á heimasíðu LH. Þetta er viðurkennd verklagsregla sem endurskoðandi LH benti stjórninni á en félagsmenn geta komið kynnt sér reikningana á skrifstofu LH viku fyrir þing. Varðandi uppsetningu reikninga að þá er farið eftir bókhaldslyklum ÍSÍ, lögum sem LH samþykkti og því birtist þetta eins og fram kemur í reikningum. Ekki eru allir sammála því að framsetning þeirra sé óskýr og hlýtur það að vera túlkunaratriði. Verkefni eru næg þannig að gott er að eiga sjóð til að ganga í til að efla starfið og mörg slík verkefni eru framundan eins og fram hefur komið í skýrslum.

Haraldur Þórarinnsson svaraði framkominni fyrirspurn Kristins Hugasonar. Hestabrautin á Selfossi er byggð upp á annan hátt en á Hólum. Á Selfossi er verið að freista þess að gera hestaíþróttina að kjarnagrein á framhaldsskólastigi og er þetta tilraunaverkefni sem LH tekur þátt í til þess að koma því á laggirnar.

Guðný Ívarsdóttir svaraði fyrirspurnum Marteins. Stjórnarsamþykktir eru fyrir uppsetningu reikninga og því að senda þá ekki út. Peningar eru á kostabók með ágættri ávöxtun.

Marteinn Magnússon tók til máls. Hann harmaði það að stjórn virti ekki vilja þingsins og getur því ekki samþykkt annað en þar kemur fram. Þessi gögn voru send út fyrir mörgum árum og ætti ekki að vera erfiðara núna. Reikninga má setja upp á margan hátt þótt verið sé að vinna með sömu tölurnar.

Einar Ragnarsson. Umræða um reikningana er orðin gömul. Ársreikninga skal samþykkja á landsþingi og því má ekki senda þá út áður og hefur það aldrei verið gert. Einar spurði Martein hvort útkoma yrði önnur ef reikningar yrðu settir upp með öðrum hætti?

Marteinn Magnússon sagði að hann væri ekki að gagnrýna tölurnar heldur eingöngu framsetninguna. Hann telur að menn eigi að geta kynnt sér reikninga fyrir þing, líkt og gerist víða hjá félögum. Heldur skal vilji þingsins virtur.

Þingforseti bar upp skýrslu stjórnar og reikninga áranna 2004 og 2005 undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða af þingfulltrúum.

ERINDI:DÓMARAMÁL

Einar Ragnarsson flutti erindi um málefni dómara.

Gagnrýni á störf dómara hefur undanfarin misseri verið með þeim hætti að stjórn LH tók þá ákvörðun að opna fyrir umræður um málefnið hér a þinginu.

Gagnrýnin hefur einkum beinst að þremur þáttum þ.e.

Faglegri þekkingu dómara

Heiðarleika dómara

Samræmi i dómum

Fagleg þekking dómara

Gagnrýnin kemur einkum frá knöpum og aðstandendum.

Menntun dómara fellst fyrst og fremst i tvennu. Að læra að skilgreina gangtegundir í samræmi við þann dómskala sem í notkun er hverju sinni og lestur og lærdómur um allt það reglugerðarverk sem myndar ramma um almennt mótahald.

Undirbúningur fyrir dómarapróf fellst í námskeiði sem stendur yfir í þrjú kvöld og eina helgi. Farið er yfir hverja gangtegund hún útskýrð samkvæmt viðurkenndum skilgreiningum sem og frávik það er óhrein gangur. Þá er farið rækilega yfir regluverkið og lög LH kynnt. Þá tekur við verkleg þjálfun við að dæma hross. Það gefur auga leið að á svo stuttum tíma er um takmarkaða kennslu að ræða enda er fallprósenta há frá 40 – 65%. Rökin fyrir því að ekki er um lengri undirbúning að ræða eru að þeir sem á annað borð hafa áhuga koma vel undirbúnir og með ásættanlega þekkingu á námskeiðið og þurfa því aðeins stutta þjálfun í meðferð dómskalans til að teljast hæfir. Kröfur um árangur eru háar eða 70% til að standast prófið sem fullgildur dómari.

Bakgrunnur þeirra sem að dómstörfum koma er jafn misjafn og þeir eru margir sem leggja þau fyrir sig. Flestum er það þó sameiginlegt að hafa einlægan áhuga á verkefninu og mikinn áhuga á hestinum. Hvað menn hafa svo lesið sér til gagns um verkefnið áður en í slaginn er gengið er sjálfsgagt jafn misjafnt. Til skamms tíma hafa fræðibækur um gangtegundir íslenska hestsins ekki verið margar þó þær sem í boði hafa verið séu um margt ágætar hafa menn þurft að búa að nokkurri reynslu um meðferð hvernar gangtegundar til þess að þær hafi nýst til gagns. Með aukinni útgáfu af efni bæði frá innlendum og erlendum fræðimönnum hefur hagur vænkast fyrir þá sem áhuga hafa.

Hestaípróttir eru þó ekki frábrugðnar öðrum ípróttum að því leiti að dómarar byggja störf sín mest á reynslu en ekki síður greinargóðri þekkingu á þeim dómskala sem unnið er eftir. Leikni í meðferð dómskalans byggir alltaf á langri reynslu og mikilli þjálfun í því að dæma.

Það hefur ekki verið uppi á borðinu fram til þessa samvinna milli knapa og dómara. Þó hefur nokkuð vænkast hagur á síðustu misserum.

Reyndir keppnismenn hafa verið fengnir til þess að uppfræða dómara um þjálfunarstig klassískra reiðmennsku, um mikilvægi rétts sniðs hesta á skeiði og fleira og fleira. Þegar síðan á að fara að heimfæra nýja þekkingu frá þessum ágætu mönnum sem flest vita um þjálfun og uppbyggingu afrekshesta eins og þeir margsinnis hafa sýnt þá hefur komið babb í bátinn. Sannast sagna hafa það verið heldur sérkennilegar yfirlýsingar sem frá knöpum hafa komið þegar þeir mæta til þess að gefa sína skoðun á því hvernig dæma skuli sýningu. Eða finnst ykkur að von sé til þess að mark sé tekið á gagnrýni knapa sem hefur ekki látið svo lítið að kynna sér þær reglur sem honum ber að keppa eftir og dómurinn um hans eigin frammistöðu skal byggja á? Þetta höfum við þó fengið að heyra á tvennum stórum dómara ráðstefnum á þessu ári. Í hverju liggur hið faglega mat þess knapa sem frá þessum sjónarhóli dæmir um faglega þekkingu annarra.

Heiðarleiki

Um heilindi og heiðarleika er hægt að tala lengi án þess að komast að kjarna þess sem að baki liggur hjá þeim sem telur að menn eigi aðeins að vera heiðarlegir og faglegir þegar að það hentar viðkomandi en hið gagnstæða þegar það hentar. Ástæða þess að ég læt þessi orð falla eru ummæli liðstjóra íslenska landsliðsins annars vegar í Morgunblaðinu og hins vegar í þættinum Kóngur um stund baksviðs á síðasta NM.

Eða þegar talað er um það í öðru orðinu að ekki sé verið að dæma einstaka dómara en í því næsta tekin tvö dæmi um vanhæfni ákveðins einstaklings.

Hver telur sig til þess bærán að velja dómara til starfa eftir heiðarleika og hvaða heiðarleikaskali liggur þar til grundvallar?

Misræmi

Misræmi milli einkunna einstakra dómara hefur tilmargra ára verið vinsælt umræðuefni. Í fæstum tilvikum hafa menn haft nennu til þess að kafa aðeins ofan í þetta meinta ósamræmi. Gjarnan er vitnað til samræmis á heimsmeistaramótum og það haft til viðmiðunar. Væru aðstæður til dómstarfa og aðbúnaður dómara í samræmi við það sem gerist á heimsmeistaramótum væri samanburðurinn skiljanlegur. Nú er ég ekki að draga úr því að markið sé sett hátt og miklar kröfur gerðar til frammistöðu okkar manna nema að síður sé. Mér finnst hins vegar sanngjarnt að menn beri saman epli og epli.

Ef við berum saman síðasta NM og síðasta íslandsmót hvað samræmi varðar kemur eftirfarandi í ljós.

TÖLT:

ÍSLANDS MÓT NORÐURLANDAMÓT

Meðalfrávik 0.75 0.68

Teygni 3.5 3.8

Frávik virkra eink. 0.32 0.28

Hestar utan úrslita 0 – 3 0 – 2

FJÓRGANGUR:

Meðalfrávik 0.83 0.66

Teygni 3.9 2.8

Frávik virkra eink 0.34 0.21

Hestar utan úrslita 0 – 2 0 – 3

TÖLT 2:

Meðalfrávik 0.66 0.92

Teygni 2.1 3.4

Frávik virkra eink. 0.28 0.35

Hestar utan úrslita Ekki raunhæft allir hestar í úrslit á Íslandi.

FIMMGANGUR:

Meðalfrávik 0.59 0,68

Teygni 2.5 2.2

Frávik virkra einkunna 0.28 0,31

Hestar utan úrslita 1 – 3 1 - 3

Margt er hægt að segja gott og slæmt um slíkan samanburð og hef ég oft velt því fyrir mér hvort þeir sem mest hafa gagnrýnt misræmi í dómum hafi reynt að skoða hvernig dómarar raða hestum fremur en að velta vöngum yfir því hvort munurinn er 0.5 eða einn heill. Það segir mér meira um hæfni og þekkingu á verkefninu að hestunum sé sem næst eins raðað eftir forkeppni en hvort að misræmið sé 0.25 eða 0.75.

Í því endurspeglast meira af þekkingu en í kommu og brotum.

Ég heft velti mér nokkuð upp úr neikvæðri gagnrýni fram að þessu enda hefur hún verið fyrirferðarmeiri og háværari en hin. Ósanngjarnt væri að geta ekki þess sem reynt hefur verið að gera á málefnalegum nótum og er vert að taka grein í síðasta Eiðföxa sem dæmi þar um. Þar eru hlutirnir skoðaðir út frá

tölulegum upplýsingum og reynt að finna einhvern flöt til vitrænnar umræðu. Verst þykir mér að öll sú vinna segir afar lítið um frammistöðu dómara að öðru leiti en að þeir virðast meta gæði gangteygunda innbyrðis á mjög svipuðum nótum og gæðingadómarar og kynbótadómarar og er það vel. Einnig má nefna þær spurningar sem Olil Amble setur fram ígrein á vef FT um kröfur versus vinnuálag á dómara. Það er þáttur sem vert er að skoða með opnum huga þó erfitt sé að sjá fyrir sér hverjir ætla að greiða þann kostnað sem er því samfara að fjölga dómurum á mótum. En þetta er mál sem vissulega er vert að gefa meiri gaum en gert hefur verið til þessa.

Hvað er til ráða og hvað þarf að bæta?

Um það gætum við sjálfsagt rætt í allan dag en ég ætla aðeins að drepa á örfá atriði sem eru á döfinni. Hugmyndir eru uppi um að sameina dómarafélögin í eitt deildaskipt félag sem gæti gert það að verkum að meiri samsvörun yrði í starfinu eitt félag sterkari heild en tvö. Stöðupróf á hverju vori. Átak í öflun kennslu og æfingaefnis og upptaka eftirlitsdómarakerfis. Allt eru þetta hugmyndir sem eftir er að útfæra. Í þessu sambandi er kannski rétt að velta því aðeins fyrir sér hvernig greiða eigi fyrir aukna þjónustu við íþróttina. Með auknum kröfum um færni og þekkingu þarf að koma til aukin menntun og aukin verkleg þjálfun. Þjálfunina er í sjálfu sér ekki erfitt að veita við getum haldið fleiri mót. Þegar hins vegar kemur að aukinni menntun þá fellur til kostnaður sem óskilgreint er hver eigi að bera. Í mínum huga er ljóst að dómarar vilja ekki standa undir verulega auknum kostnaði að öllu leiti sjálfir til þess eru möguleikar á tekjum á móti of takmarkaðir. Hverjir eiga þá að bera kostnaðinn? Er það LH – félögin - eða þeir sem mest nota þjónustuna þ.e. keppendur sjálfir og þeirra aðstandendur? Ef við skoðum kostnað þeirra sem hafa aflað sér FEIF réttinda og vilja viðhalda þeim með því að sækja nauðsynlega fundi og afla sér frekari þekkingar með því að sækja ráðstefnur og fundi sem í boði eru verður það aldrei undir eitthundrað þúsundum á ári. Til að afla tekna á móti þarf að dæma ansi mikið ef ekki á að vera verulegur halli á áhugamálinu.

Umræður um erindi Einarss:

Sigurður Ævarsson tók til máls. Dómarar efla störfin með æfingum og mati á hestum í dómum. Lagði hann til að skipuð yrði öflug dómaranefnd og að hafa eftirlitsdómara. Einnig væri hægt að gefa dómurum hæfnismat. Það myndi ýta undir góða þróun í dómaramálum.

Bjarni Þorkelsson taldi að Einar væri í vörn með dómaramálin. Heiðarleiki og fagmennska væri grundvallaratriði. Bjarni fannst að dómarafélagið ætti að stunda innra eftirlit en eigendur gætu verið í brekkudómarahlutverkinu.

Einar Ragnarsson sagði menn alltaf reyna að vera heiðarlega í dómum og sagði innra eftirlit þegar vera í fullum gangi.

ERINDI:LANDSMÓT HESTAMANNA

Sveinbjörn Sveinbjörnsson flutti erindi um starfsemi Landsmóts ehf. og sagði frá starfsemi félagsins frá síðasta þingi. Fram kom í máli hans að velta síðasta landsmóts hefði verið um 103 milljónir kr. og fjöldi

mótsgesta tæplega 11.000. Dagskrá mótsins byggðist á reynslu frá árinu 2004 og sú reynsla skilaði sér vel og góður undirbúningur og frábært starfsfólk gerði mótið einstakt. Ljóst er að einkenni félagsins er mikill mannauður en litlir peningar. Nú er verið að semja við Gaddstaðaflatir um næsta landsmót. Sveinbjörn þakkaði samstarfið á liðnum árum og gat þess að hann hyrfi senn úr stjórn félagsins. Framtíðin væri björt og alltaf hægt að gera betur. Margt þarf að skoða s.s. kostnað vegna löggæslu, leigufjárhæð vegna mótssvæða og margt fleira.

Umræður um erindi Sveinbjörns:

Sigfús Helgasontók til máls. Taldi LM 2006 hafa heppnast frábærlega og óskaði Skagfirðingum til hamingju með vel heppnað mót og Sveinbirni fyrir góð störf.

Kristinn Hugason. LM 2006 var framfaraskref og telur hann rekstrarformið þurfti að ganga lengra og þátttaka á HM væri inni hjá félaginu. Veðreiðar og keppni væri einnig inni og þannig yrði samfelld starfsemi. Þróa þurfi þessar hugmyndir.

Ragnar Tómasson tók til máls. LM ehf. hafi unnið frábært starf og bað þingheim að klappa vel fyrir því góða fólki sem því miður væri að hætta störfum í stjórn LM ehf. Landsmót er gríðarlega mikilvægt fyrir íslenskt þjóðfélag, flugfarþegar, gisting, kvikmyndagerð og fl. Ræddi um leiguverð á landsmótssvæðum og að í framtíðinni yrði að huga betur að þeim málum. Ræddi um beinar útsendingar af mótum og tekjur af útsendingum sem hægt væri að hafa.

Jón Albert Sigurbjörnsson: Jón taldi það fólk sem starfar að mótunum sé lykilatriði og tjáði þingheimi að HM í Svíþjóð hafi verið rekið með 10 milljón kr. halla. Að huga þyrfti að því að stofna alþjóðlegt fyrirtæki með útrás hugmynda og hæfileika fólks í huga. Verið er að skoða það inna stjórnar FEIF hvort hægt sé að reka eitt félag sem sjái um landsmót og heimsmeistaramót.

TILLÖGUR TIL ÞINGSINS

Sigurður Ragnarsson þingforseti fór yfir tillögur sem liggja fyrir þinginu. Gerði hann grein fyrir fundi sem hann átti með formönnum nefnda þingsins og að þeir hefðu komist að samkomulagi um eftirfarandi vísun tillagna til nefnda:

Tillaga á þingskjali nr. 1	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 2	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 3	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 4	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 5	Fræðslu- og útgáfunefnd
Tillaga á þingskjali nr. 6	Fræðslu- og útgáfunefnd
Tillaga á þingskjali nr. 7	Allsherjarnefnd

Tillaga á þingskjali nr. 8	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 9	Kynbótanefnd
Tillaga á þingskjali nr. 10	Kynbótanefnd
Tillaga á þingskjali nr. 11	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 12	Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 13	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 14	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 15	Æskulýðsnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 16	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 17	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 18	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 19	Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 20	Æskulýðsnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 21	Keppnisnefnd

Að þessu loknu var gengið til nefndarstarfa og þinghaldi frestað til morguns.

Laugardagur 28.október

Marteinn Valdimarsson þingforseti setti fundinn klukkan 9:00 og bauð þingfulltrúa velkomna til seinni dags þings. Gengið var til dagskrár og kynnt í hvaða röð nefndir skiluðu álitinu og tillögum.

NEFNDIR SKILA ÁLITI:

MANNVIRKJANEFND

KjartanHreinssonformaður mannvirkjanefndar kynnti álit nefndarinnar sem kemur fram á þingkjöllum nr. 26 og 27. Í nefndinni störfuðu 10 manns og ekkert þingskjal lá fyrir nefndinni en hún gerði 2 fyrrgreindar ályktanir til þingsins:

Þingskjal nr. 26

Þingið álykti um að fagna því framtaki sem felst í úthlutun styrkja til byggingar reiðhúsa vítt og breytt um landið og óskað er eftir því að mannvirkjanefnd LH gefi út leiðbeiningar um þau atriði sem skipta máli við ákvörðun um stærðir og gerð þessara húsa

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 26 en engin kvaddi sér hljóðs.

- Þingskjal nr. 26 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða -

Þingskjalnr. 27

Beinir þingið því til skipulagsyfirvalda að gert sé ráð fyrir hesthúsahverfum, reiðleiðum og öðru sem þarf til að stunda þessa íþrótt í skipulagi sveitafélaga.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 27 en engin kvaddi sér hljóðs.

- Þingskjal nr. 27 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða -

SKIPULAGSNEFND

Vilhjálmur Skúlason, formaður nefndarinnar, kynnti álit skipulagsnefndar. Með nefndinni störfuðu Helgi Kjartansson frá Smára sem ritaði fundargerð, Jón S Gunnarsson frá Sleipni, Jón Jónsson frá Geysi, Gísli Kjartansson frá Kóp og Sigurbjörn Garðarsson frá Faxe. Engin þingskjöl lágu fyrir nefndinni en hún tók til umfjöllunar nýtt skipurit frá stjórn LH um starfsemi samtakanna.

Skipulagsnefnd leggur fram ályktun á þingskjali nr. 30.

Þingskjal nr. 30

Þingið fagnar þeim tillögum um nýtt skipurit fyrir samtökin sem má finna á bls. 15 í skýrslu stjórnar fyrir 2004 - 2006. Þingið beinir því til nýrrar stjórnar að vinna hefjist eftir nýju skipuriti, með lög LH að leiðarljósi, eins fljótt og verða má, þannig að starfsemi LH spanni öll svið hestamennskunnar. Einnig hvetur þingið stjórn til þess að leita leiða til að tryggja tekjur samtakanna svo ráða megi framkvæmdastjóra til LH í samstarfi við LM ehf.

Umræður um þingskjal nr. 30

Guðlaugur Antonsson: LH stjórn er mikið keppikefli að komast í fagráð. Fagráðið er skipað 7 fulltrúum úr ólíkum geirum. Guðlaugi finnst ekki mikill kostur að fjölga í ráðinu og að allir geta gerst aðilar að Félagi hrossabænda. Skýrt í lögum að fulltrúar bænda skuli vera fjórir í fagráðinu. LH er með margt á sinni könnu, starfið gengur vel og ekki kom fram hvað væri að í ræðu formanns LH varðandi kynbótamálin. Formaður LH nefndi ferðir erlendis til að fylgjast með ræktun þar. Guðlaugur kynnti að kynbótadómarar væru mikið erlendis við dóma og hafa þar áhrif á dóma/ræktun. Það er ekki nóg að setja á oddinn að það þurfi að komast í fagráð ef ekkert kjöt er á beinunum. Það kemur engin tillaga frá kynbótanefnd þingsins um fleiri aðila í fagráði og telja menn það ekki nauðsynlegt. Kannski er það bara á toppnum sem mönnum finnst nauðsynlegt að komast í fagráð?

Jónas Vigfússon: Tók undir orð Guðlaugs, sér ekki þörf fyrir kynbótasviði innan LH. Hann leggur fram breytingatillögu sem hljóðar svo; „sem verði þannig breytt að kynbótasvið verði fellt út“.

Haraldur Þórarinnsson: Taldi Guðlaug fara geyst. Stefnumótunarvinna hefði leitt í ljós að þannig vildu menn hafa uppbyggingu LH til framtíðar, þ.e. að LH hefði aðild að fagráði. Vilji LH er í þá átt að eiga fulltrúa í fagráði, svo að rödd LH heyrist þar, sem á öðrum sviðum hestamenskunnar. Sérkennilegt að Guðlaugur vilji ekki hafa fulltrúa svona stórra samtaka með í ráðum.

Árið 2000 dró LH sinn fulltrúa út úr fagráði til að liðka fyrir sameiningarviðræðum aðila hestamenskunnar en eins og allir vita fóru þær viðræður út um þúfur.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson: Hann átti þátt í að LH tók sinn fulltrúa út úr fagráði – mistök sem hann sér eftir núna. Við sem neytendur íslenska hestsins eigum að hafa áhrif á ræktun hans. Fráleitt að LH komi ekki að öllum þáttum hestamenskunnar.

Kári Arnþórsson: Ákvæði í lögum fagráðs kveður á um að bændur sitji í fagráði, þar með eru þéttbýlisbúar útilokaðir frá því. LH hefur átt fulltrúa í fagráði og telur Kári eðlilegt að svo verði áfram. Burðarásinn er hjá þéttbýlisbúum og LH ætti að hafa sinn fulltrúa enda alltaf haft áhuga á ræktun og stór hluti hrossaræktenda eru ekki bændur. Landsmót samstendur af Bændasamtökunum og LH, þar er fordæmi fyrir þessu samstarfi.

Guðlaugur Arason: Aldrei hefur hvarflað að fagráði að taka ekki við tillögum frá LH og séu þær teknar fyrir fagráði. Þar eru 4 fundir á ári. Í búnaðarlögum stendur að fagráðin ættu að sitja starfandi bændur og að bændur sitji í fagráði. Guðlaugur taldi þetta fráleita umræðu

Jón Albert Sigurbjörnsson: Það er fullt af fólki í LH sem hefur áhuga á kynbótum. Félög LH eiga alla keppnisvelli á landinu þar sem kynbótasýningar eru haldnar. Umræðan alveg fráleit. Auðvitað eiga félagar í LH að eiga aðgang í fagráð.

Þingforseti bar upp breytingartillögu Jónasar. Tillagan felld með meginþorra greiddra atkvæða.

- Þingskjal nr. 27 borið undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, nema einu -

FRÆÐSLU- OG ÚTGÁFUNEFND

Formaður nefndarinnar Margrét Friðriksdóttir, Sörla og í henni störfuðu 6 fulltrúar. Tvö þingskjöl lágu fyrir nefndinni, þingskjöl 5 og 6 og leggur nefndin þingskjal nr. 5 óbreytt fram en gerði smá orðalagsbreytingu á þingskjali 6 og leggur það fram sem þingskjal nr. 6A:

Þingskjal nr. 5

Þingið samþykkir að fela stjórn LH að leita fjármagns til gerðar mynddisks, DVD, um æskulýðsstarf sem unnið er í aðildarfélögum LH og kynna það sérstaklega meðal grunnskólabarna og sveitarstjórnarmanna um land allt.

Nefndin telur þetta þarft verkefni og leggur til að þingið samþykki tillöguna. Verði tillagan samþykkt skorar nefndin á stjórn LH að koma þessu verkefni til framkvæmda.

- Þingskjal nr. 5 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 6A

Þingið samþykkir að fela stjórn LH að ná fram breytingum á endurskoðuðu knapamerkjakerfinu til að það falli betur að starfi hestamannafélaganna. Nefndin leggur áherslu á að námsefni knapamerkjakerfisins sé gott, en sé orðið of umfangsmikið til að rúmast innan hvers stigs eins og kerfið er uppbyggt. Tímafjöldi sé orðinn of mikill. Þetta mætti leysa með því að fjölga stigum í kerfinu og ná þannig fram því markmiði að verklegar kennslustundir fari ekki yfir 20 á hverju stigi.

- Þingskjal nr. 6A borið undir atkvæði og samþykkt með megin þorra atkvæða -

FERÐA- OG UMHVERFISNEFND

Vilhjálmur Ólafsson kynnti álit nefndarinnar. Í nefndinni störfuðu 16 fulltrúar. Ekkert þingskjal lá fyrir nefndinni en fjörugar umræður og afurðin af því eftirfarandi fjórar ályktanir, sjá þingskjöl nr. 22, 23, 24 og 25.

Þingskjal nr. 22

Þingið samþykkir að fela stjórn LH að leita allra leiða til tryggja réttarstöðu ríðandi umferðar á merktum reiðvegum, reiðstígum og reiðslóðum, hjá þar til bærum yfirvöldum.

- Þingskjal nr. 22 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða -

Þingskjalnr. 23

Þingið fagnar uppsetningu rúmlega 600 reiðleiða á vefnum www.jonas.is/reidleidir og hvetur hestaferðamenn til að senda höfundu viðbætur, athugasemdir og leiðréttingar. Einnig hvetur landþingið

hestaferðamenn, er eiga GPS punkta, til að senda ferlana í safnið, sem er öllum opið endurgjaldslaust. Allir geta tekið upp úr því punkta og ferla sér til leiðbeiningar í hestaferðum.

Jónas tók sumar reiðleiðir af gömlum herforingjaráðskortum. Þessar leiðir má þó alls ekki nota í blindni því þær eru ekki sannreyndar allar. Inn á vefnum er hægt að koma með athugasemdir og mælist nefndin til að menn sendi inn athugasemdir til að vefurinn verði sem réttastur.

Sigfús Helgason tók til máls. Jónas kraftaverkamaður og óskar honum til hamingju með verkefnið og hvetur fólk til að styrkja hann í þessu máli.

- Þingskjal nr. 23 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 24

Þingnefndin beinir því til þingsins að fela stjórn LH að beina því til sveitarstjórna landsins að forðast að skipuleggja aðstöðu fyrir akstursíþróttir og hestamennsku í nábýli við hvort annað.

Ásta Ásmundsdóttir – Létti. Fagnar þessari tillögu mjög. Þau hafa verið í baráttu við Akureyrarbæ seinustu ár vegna þess að á milli hestahúsahverfa er verið að skipuleggja akstursíþróttabraut sem veldur slyshættu hjá hestamönnum. Mikilvægt að fá stuðning.

Þingforsetisegir sama mál vera uppi hjá hestamannafélaginu Skugga í Borgarbyggð.

Sigfús Helgason segir það glórulaust að skipuleggja svæði fyrir hestamenn og akstursíþróttir við hlið hvers annars. Biður þingmenn að aðstoða Akureyringa með þetta mál, þar sem út um gluggann á reiðhöllinni sem eigi eftir að reisa muni hestamenn geta fylgst með kvartmílukeppni.

Bjarni Þorsteinsson gerði að tillögu sinni að ályktunin hæfist á greinagerð sem fylgir; „Í ljósi hörmulegra slysa á hestamönnum í sumar ...” Telur hana verða betri þannig.

Breytingartillagan samþykkt.

Ásta Ásmundsdóttir. Leggur fram breytingartillög við greinagerð. Í stað „hjóla” komi „ vélknúinna ökutækja”

Breytingartillagan samþykkt.

- Þingskjal nr. 24 borið undir atkvæði og samþykkt með áorðnum breytingum -

Þingskjal 25.

Þingnefndin beinir því til stjórnar LH að hún leyti leiða til ráða starfsmann til tímabundinna verkefna sem skal vera reiðveganefndum landssvæða til aðstoðar við gerð áætlana um reiðvegi og við skráningar og hnitsetningar reiðleiða.

Jónas Vigfússon. Hlutverk LH varðandi reiðvegi ekki endilega rétt, LH á að vera þrýstihópur á vegagerð og sveitarfélög um gerð reiðvega. Vegagerðin og sveitarfélögin eiga fyrst og fremst að vera þeir sem gera reiðvegina. Því ætti Vegagerðin að ráða starfsmann til starfa sem eingöngu sinnir reiðvegum. Ekki LH.

Jón Albert Sigurbjörnsson er samþykkur Jónasi um það að auðvitað eigi einhver annar að vinna að reiðvegamálum, það sé þó erfitt. LH sækir látlaust á Vegagerðina en þar er alltaf niðurskurður. Á síðustu 2 árum hefur framlag sveitarfélaga gjörbreyst og rétt að hamra þar á eins og hægt er. Fagleg vinna reiðveganeftdanna að skila sér. Við eigum peninga og eigum að ráða mann í hveli.

Kristinn Hugason. Þrýðileg tillaga. Efnislega sammála Jónasi, það var rétt í skýrslu stjórnar. Málið snýst um að við erum þrýstihópur, þarf að knýja áfram að þetta sé gert. Vegagerðin þarf að fara með gerð reiðvega eins og annarra vega. Gott væri að ná því fram að lítið sé á reiðvegi eins og aðra vegi, þetta sé eins og önnur vegalagning. Við eigum ekki að taka að okkur skipulagningu heldur að knýja áfram að þetta sé gert. Ráða framkvæmdastjóra sem sér um þessi mál sem og önnur. Það séu ekki réttu vinnubrögð að LH taki þetta yfir heldur að knýja á um að yfirvöld sjái um þessi mál, eins og þau eiga að gera. Vinna þarf í þeim skilningi að opinberir aðilar byggi reiðvegi.

Jónas Vigfússon. Ekki að gera lítið úr því sem gert hefur verið á seinustu 2 árum. Breyta þarf vinnulagi og koma vegum inn á áætlun og skipulag. Hefur gerst vegna þess að sveitarfélög hafa verið að setja þessi mál inn á skipulag sem hestamannafélög hafa verið að benda á. Það þarf að gera ráð fyrir reiðvegum þegar í upphafi skipulagsvinnu, þá að koma fram með plön og áætlanir. Vegagerðinu kæmi að því að byggja vegi og á að gera það. Jónas samþykkir ekki að LH vinni verkin fyrir Vegagerðina og getur ekki samþykkt að þegar peningur er til, að hestamenn fari að bjarga ríkinu með því að taka þetta að sér.

Vilhjálmur Ólafsson. Jónas talaði um að þetta hefði gengið vel! Rétt og gott að Vegagerðin byggi vegina. Félagin þurfa samt aðstoð við undirbúningsvinnu og undirbúningi reiðvega og skipulagsgerðar. Það þarf að ráða mann til að sjá um gerð áætlana og slíks.

Jónas Kristjánsson. Vill benda á eitt atriði, sérfræðingar vilja helst tala við sérfræðinga. Að það komi fram maður sem tali mál sérfræðingana.

Jón Albert Sigurbjörnsson. Reiðvegamál eru langstærsta hagsmunamál hestamanna í dag og það erfiðasta. Stjórn og reiðveganeftnd hafa verið á tröppum Vegagerðarinnar. Við þurfum aðstoð sérfræðings til að vinna með okkur að raunhæfum áætlunum. Þannig fáum við meiri pening frá sveitarfélögum. Það er best að leiða starfið og ekki hægt að vera alltaf í aftursætinu.

Magnús Hjaltested. Hestamenn eiga vegina. Því þurfum við á þessu að halda.

- Þingskjal nr. 25 borið undir atkvæði og samþykkt megin þorra atkvæða gegn 3 -

KYNBÓTANEFND

Formaður nefndarinnar Kári Arnórsson. Í kynbótanefnd sátu 21 fulltrúi. Mikil umræða varð um þær tvær tillögur sem vísað var til nefndarinnar á þingskjöl nr. 9 og 10.

Tillögu á þingskjali nr. 9 var vísað frá í nefndinni, þar sem þær upplýsingar komu fram frá hrossaræktarráðunaut að málið hefði þegar verið rætt innan fagráðs.

Tillaga á þingskjali nr. 10 var felld í nefndinni með þorra atkvæða og vildu menn að einkunn yrði ráðandi varðandi fjöldatakmörkun kynbótahrossa á Landsmóti.

Guðlaugur Antonsson tók virkan þátt í umræðum um hin ýmsu efni kynbótadóma og svaraði forvitnum nefndarmönnum.

Þingskjal nr. 9

Fjallar um að þingið samþykki að beina til Fagráðs að þær hryssur sem hljóta skulu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á Landsmóti þurfi ekki að koma á mótið né afkvæmi þeirra. Heldur skuli eigendurnir einir mæta til verðlaunaafhendingar.

Kári Arnórsson lagði til að þingskjalinu yrði vísað frá samkvæmt samkomulagi í nefndinni.

- Þingskjal nr. 9. Frávísunartillaganborin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða að vísa tillögu frá. -

Þingskjalnr. 10

Fjallar um að þingið samþykkir að beina til Fagráðs að hafa ákveðinn fjölda af kynbótahrossum í hverjum flokki á Landsmóti en ekki einkunn. Taka þarf mið af fjölda kynbótahrossa í hverjum flokki síðustu mót til að ákveða tölu í hvern flokk.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Við ákveðum fjölda töltara og ræktunarbúa á landsmót en í fagráði er ákveðið hver lágmörkin eru og þar ekki vitað um fjölda. Kynbótahross á LM 2004 var þétt setin sýning því of mörg kynbótahross voru þá. Á ekki frekar að hugsa um mótsgesti og mótshaldara í stað örfárna ræktenda sem þurfa að bíða með sín hross?

Sigfús Helgason. Það er þegar búið er að hækka lágmörk fyrir Landsmót 2008 án þess að hafa samráð við LH.

Guðlaugur Antonsson. Ef lágmörk eru ekki notuð gætu góð hross ekki komist inn. Aðeins hefur verið misunandi hvaða flokkar standa upp úr. Árið 2004 voru það ungu hryssurnar, árið 2006 voru það stóðhestarnir. Lagt er til að heiðursverðlaunahross verði verðlaunuð á öðrum vettvangi, t.d. á uppskeruhátíð hestamanna.

Kristinn Hugason. Mótshaldarar hafi of miklar áhyggjur af tímanum. Ekki stórkostlegt mál hvað tíma líður og verður ekki leyst með nútímastressi. Verkinu er lokið þegar því er lokið. Það verða ekki allir hlutir unnir algjörlega eftir klukkunni. Gleyma því að hækka lágmörkin og gefum okkur þann tíma sem þarf til að dæma hrossin á LM. Það hefur margoft verið stungið upp á því að breyta dómsmálum. Dómar gengu feiknavei á síðasta LM. Ef lágmörkin hefðu verið hærri hefðu sum hross sem hækkuðu ekki komst inn á LM. Verðum að horfast í augu við það að velja þarf hross inn á LM eftir lágmarksdómum. Við breytum ekki fjölda hrossa í töltkeppnum. Eina aðferðin sem dugir er að velja kynbótahross eftir lágmörkum.

Jón Albert Sigurbjörnsson spyr hvernig ætla menn að láta kvikmyndatökumenn bíða tímunum saman vegna langdreginnar dagskrár? Við erum eftirsótt erlendis vegna skipulags móta og vegna þess að vel hefur til tekist með tímasetningar.

Kári Arnórsson. Einkunnir hrossa hafa breyst mikið á síðustu árum og hafa hækkað mikið, t.d. fóru 12 hestar yfir 8,40 á síðasta ári. Við eigum bara að sjá úrvalið á LM. Halda stíft í mörkin því það eru topparnir sem eru að keppast um að komast inn.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson Guðlaugur Antonsson á stóran þátt í því hve vel gekk að halda tímaramma á síðasta landsmóti. Ef samskonar val væri viðhaft við val á tölturum, gæðingum o.fl. væri ómögulegt að skipuleggja dagskrá. Reglan á að vera sú sama í öllum greinum.

Kristinn Hugason. Tímaáætlanir eiga að vera nákvæmar. Aðdragandi sýningarinnar er til þess en ekki sýningin sjálf. Vegna sjónvarps verður sýningin að standast tímaáætlanir. Landsmótsnefnd LH hefur viljað hámarksfjölda en ekki setja lágmörk.

Guðlaugur Antonsson. Upplýsti að fleiri hross eru á toppnum en meðaltal einkunna er svipað og áður. Sitthvað að athuga ef að sama regla gildi fyrir kynbótahross og gæðinga. Sagði frá þátttöku á LM í sumar. Fagráð hefur ályktað að 180 hross séu heppileg tala kynbótahrossa á landsmót.

Baldvin Ari Guðlaugsson vill leggja áherslu á að fyrirkomulagið núna sé ansi gott og ætti ekki að breyta nema að vel athuguðu máli.

- Þingskjal nr. 10. Ályktunin felld með öllum greiddum atkvæðum gegn 1 -

KEPPNISNEFND

Þróstur Karlsson formaður nefndarinnar en alls störfuðu 31 maður í nefndinni. Nefndin fékk til sín 7 þingskjöl til umfjöllunar og 2 þingskjöl til ályktunar. Hver tillaga tekin til afgreiðslu fyrir sig.

Þingskjal nr. 13

Fjallar um að þingið samþykki tillögu til lagabreytinga á 5. kafla um Íslandsmót þar sem lagt er til að mótið verði tvö, þ.e. mót fullorðinna annars vegar og barna- unglinga og ungmenna hins vegar.

Sigurður Ragnarsson Mána. Hann er mótfallinn tillögunni. Tillagan leysir ekki hestakost fjölskyldna. Sami hestur gæti með þessu orðið Íslandsmeistari í fullorðinsflokki og í unglingaflokki. Ekki viðunandi að sami hestur geti keppt í mörgum flokkum. Vill vísa tillögunni frá.

Hinrik Bragason Fákur. Ekki sammála um að vísa þessari tillögu frá. Íslandsmótið var haldið með 6 vikna millibili. Íslandsmót barna- unglinga og ungmenna annars vegar og fullorðinna hins vegar eiga ekkert sameiginlegt. Margt mælir með því að sami hestur keppi í fleiri flokkum. Það þarf að skoða þetta vel áður en tillagan er felld.

Bjarnleifur Bjarnleifsson Gustur. Sérstakt að þessi tillaga skuli enn og aftur vera komin fram á þinginu. Hefur ítrekað verið felld með afgerandi hætti. Ganga þarf þannig frá henni að hún komi ekki aftur fram.

Jón Albert Sigurbjörnsson. Skorar á fundarmenn að vera ekki með frávísunartillögur. Nauðsynlegt að geta rætt um málin af hreinskilni og ólíkar skoðanir eiga rétt á sér.

Tillaga á þingskjali nr. 13 borin undir atkvæði.

- Þingskjal nr. 13 Fellt með þorra atkvæða gegn 23. -

Þingskjalnr. 14.

Fjallar um keppnisgreinar á Íslandsmóti – um að skipta ekki Íslandsmóti fullorðinna upp í 1. flokk og meistaraflokk heldur hafa bara einn flokk og keppa eftir reglum meistaraflokks.

Keppnisnefnd þingsins samþykkti að fella tillöguna og leggur til að þessu verði vísað aftur til keppnisnefndar LH til frekari skoðunar fyrir næsta þing.

Sigurður Ragnarsson Mána. Sammála í meginatriðum um að fella þessa tillögu. Sér ekki ástæðu til að vísa þessu aftur til keppnisnefndar. Vísa tillögunni algjörlega frá.

Bjarnleifur Bjarnleifsson Gustur. Meðan mótin eru í lagi og framkvæmd á þeim góð þarf ekki að breyta þeim.

-Þingskjal nr. 14. fellt með þorra atkvæða og henni vísað aftur til keppnisnefndar LH til frekari skoðunar. -

Þingskjalnr. 16A

Þingskjal nr. 16 breytist í 16A í meðförum keppnisnefndar en tillagan fjallar um aldurstakmörk í kappreiðum.

Samþykkt í nefndinni breytingatillaga um að “Þátttökuréttur í greinum sem ræstar eru úr kyrrstöðu verði takmörkuð við 16 ára á árinu þó með þeirri undantekningu að með skriflegu samþykki foreldra megi gera þá undantekningu að börn allt að 14 ára á árinu geti tekið þátt.”

Þorvarður Helgason formaður æskulýðsnefndar þingsins sagði frá því að æskulýðsnefndin hefði haft þingskjalið til umfjöllunar og lagt fram þingskjal 16B. Ákveðið að draga til baka þingskjal nr. 16B.

Sigurður Ragnarsson: Vakti athygli á því að krafist væri samþykkist beggja foreldra. Taldi að annað foreldri nægði.

Bjarni Þorkelsson langar að vita í hverju breytingin er fólgin. Hefur engin gögn sem sýna honum þær breytingar og vill fá útskýringar. Líst ekki á tillöguna um að breyta aldursmörkum í 16 ár. Reglugerðarfargan eyðilegði kappreiðar. Vonar að sama niðurstaða verði ekki í skeiðkappreiðarumræðunum.

Ragnar Tómasson. Vakti athygli á óheppilegu orðalagi. Lagði fram breytingartillögu. Tilgangur er að skerpa á orðalagi og gera tillöguna betri og skýrari. Tekur undir það með Sigurði að það er hægt að búa til deilu um þetta, það er framkvæmdaratriði hvort þurfi að framvísa skriflegu skírteini í hvert einasta skipti. Hægt að hafa skírteini á skrifstofu LH sem samþykkti knapa á öll mót þar til það sé tekið til baka. Þarf að vera þannig í framkvæmd að forráðamenn þurfi að samþykkja. Viðurkennir þó, að ekki geti hann vitað hvernig á að taka á málunum ef foreldri er ekki sammála.

Sigþór Gunnarsson. Ætlaði að höggva á því sem Ragnar talaði um. Kemur úr litlu hestamannafélagi þar sem lagt er áhersla á að allir séu með. Regla að krakkar sem eru 14-16 ára þurfa að hafa fengið leyfi hjá foreldrum sínum um að keppa. Tekur undir að breyta þurfi orðalagi.

Einar Ragnarsson. Hverju breytir þetta. Í dag eru engin aldursmörk nema á alþjóðlegum mótum. Því er tillagan sett fram. Tillaga Ragnars til verulegra bóta.

Bjarni Þorkelsson. Benti á hnökra í orðalagi í breytingartillögu Ragnars. Leggur til að tillögumenn yfirfari orðalag.

Samþykkt að tillögumenn bæti orðalag þingskjalsins.

Sjá endanlega niðurstöðu þingskjalsins eftir afgreiðslu þingskjals nr. 17.

Þingskjalnr. 17

Í þingskjalinu er lögð til eftirfarandi viðbót við lög um íþróttakeppni:

Tekinn verði upp pollaflokkur fyrir börn 9 ára á árinu og yngri með skilgreindum reglum. Mótshöldurum sé frjálst að bjóða upp á pollaflokk sem viðbót. Ekki skal keppt í pollaflokki á Íslandsmóti.

Leggur keppnisnefnd þingsins til að tillagan verði samþykkt

Formaður æskulýðsnefndar þingsins *Þorvarður Helgason* sagði frá áliti nefndarinnar en hún ályktaði um málið og leggur til að tillaga verði samþykkt með breytingum samanber þingskjal nr. 17A.

Þingforseti ákveður að þingskjöl nr. 17 og nr. 17A séu bæði í umræðu.

Hulda Gústafsdóttir. Það er ekkert í þessari tillögu sem bannar að félögin hafi annan hátt á en hér er lagt til. Um heimildarákvæði sé að ræða. Hún mælir með að þingskjal nr. 17 verði samþykkt óbreytt.

Bjarni Þorkelsson. Áfram um orðalag. Hvað þýðir orðið polli? Strákpjakkur. Ekki hægt að nota þetta orð, hvað með stelpurnar. Félög hafa tekið upp þenna flokk af sjálfsdáðum án sérstakra reglna. Þetta er kannski undanfari reglugerðar.

Þingforseti bar upp þingskjal nr. 17 til atkvæða.

- Þingskjal nr. 17 samþykkt með meginþorra atkvæða gegn 3. -

Aftur þingskjal nr. 16A

Þingskjal 16A lagt fram með orðalagsbreytingum.

„Þátttökuréttur í hlaupagreinum sem ræstar eru úr kyrrstöðu skal miðast við að knapi verði að lágmarki 14 ára á árinu. Keppandi sem ekki hefur náð 16 ára aldri skal framvísa skriflegu leyfi foreldris/forráðamanns.“

Harpa Kristjánsdóttir kemur með ábendingu um hvort eigi að miða við 18 ára aldur.

Ragnar Tómasson. Hér er ekki verið að skilgreina sjálfræðisaldurinn. Engar reglur til núna. Því er 16 ára markið málamiðlun.

Þingforseti bar upp tillöguna með áorðnum breytingum/lagfæringum.

- Þingskjal nr. 16a samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 18A

Fjallar um að dómarar skulu tilkynna forföll án gildrar ástæðu með a.m.k. 3ja sólarhringa fyrirvara til mótshaldara og dómaranefndar LH.

Bjarni Þorkelsson: Finnst ekki hægt að orða hluta tillögu með þeim hætt sem fram kemur. Leggur til að gerðar verði orðalagsbreytingar.

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Ræddi um stuttan tíma sem mótshaldarar hafa til að bregðast við forföllum dómara. Þrír dagar frekar skammur tími. Hann varpar því fram hvort dómarar þurfi ekki að setja sér siðareglur frekar en að festa í lög.

Einar Ragnarsson. Hér er ekki verið að bæta neinu nýju við reglur heldur verið að skerpa á valdi yfirdómarans. Dómarafélagið getur ekki samþykkt á fundum neinar íþyngjandi reglur á félög innan LH.

Bjarnleifur Bjarnleifsson: Það sem hann var að reyna að segja er að þetta hljóti að vera verkefni dómarafélaganna. Ábendingar um svona efni þurfa ekki að koma frá þinginu, veita dómurum ákveðið traust til að vinna úr sínum málum.

Einar Ragnarsson: Vitnaði í lög LH um keppnishald. Dómarafélög geta ekki ákveðið reglur um mótahald nema þing LH staðfesti þær. Þingið er stjórnunaraðilar samtakanna og verða að samþykkja slík ákvæði. Annars hafa samtökin ekkert gildi.

Þingforseti las upp þingskjal 18A með orðalagsbreytingum: “Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til mótshaldara og dómaranefndar LH.”

- Þingskjal nr. 18a samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 19

Fjallar um lagabreytingu er varðar sérstaka forkeppni í barnaflokki. Við bætist í grein 7.8.1.3. eftirfarandi:

- Tvær langhliðar stökk, betri langhlið gildir til einkunnar

-Þingskjal nr. 19 samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 21

Fjallar um að landsþing samþykki að beina þeim tilmælum til gæðinga- og íþróttadómara að virða þær reglur sem getið er um í FIPO varðandi samskipti við keppendur þegar komið er inn á keppnisvöllinn og að þeir beiti þeim viðurlögum sem þeir hafa umboð til við ítrekuð brot.

Lagt til að þingskjal nr. 21 verði vísað frá.

- Þingskali nr. 21 vísað frá með öllum greiddum atkvæðum gegn 1 -

Hádegisverðarhlé tekið klukkan 12:10

AFGREIÐSLA ÞINGSKJALA - FRAMHALD

Þingforseti kemur á framfæri smá ábendingu varðandi ferðina að Mið-Fossum. Skráningarblöð liggja frammi. Þeir sem vilja hætta við eiga að strika sig út aðrir sem vilja fara með skrifi sig sem fyrst.

ÆSKULÝÐSNEFND

Æskulýðsnefnd tók til umfjöllunar fjórar tillögur, þingskjöl 15, 16, 17 og 20. Alls sátu 16 manns frá 13 félögum í nefndinni sem **Þorvarður Helgason** Fái stýrði.

Nokkur mál búið að fara yfir, þ.e. þingskjöl 16 og 17.

Þingskjal nr. 15

Lagt er til í tillögunni að aldursmörk í barnaflokki verði 10-13 ár, þ.e. að yngri börnum sé ekki heimilt að keppa í barnaflokki.

Þetta hefur áhrif á eftirfarandi greinar í lögum LH:

Grein: 7.7.1 um gæðingakeppni og grein: 4.1 um keppnisgreinar í aldursflokkum íþróttakeppni.

Þröstur Karlsson. Keppnisnefndin fjallaði um málið og leggur til að þingskjal nr. 15 verði felld.

- Þingskjal nr. 15 felld -

Þingskjal nr. 20

Fjallar um lagabreytingu í kafla 7.7. í Reglugerð LH um barna-, unglinga- og ungmennakeppni. 7.7.2. Keppnishestur í yngri flokkum.

Við greinina bætist:

“Keppendur í barnaflokki mega ekki keppa á stóðhestum”

Æskulýðsnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þröstur Karlsson. Keppnisnefndin ályktaði og lagði til að þessi tillaga verði felld. Of mikil forræðishyggja að þeirra mati.

Ragnar Tómasson. Á LH þingi komi oft upp tilhneiging til ofverndar og forræðishyggju. Barna- og unglingaflokkar eru sífellt að stækka. Allt annað viðhorf í dag en áður. Stóðhestaeign sífellt að aukast og eru þeir orðnir miklu meiri þáttur í keppnum en áður. Hvaða foreldri eða forráðamaður fer að tefla í einhverja tvísýnu með barnið sitt? Telur það virðingarleysi við knapa að koma fram með svona tillögu. Ragnar minntist á heimsmet sem sett var en aldrei staðfest af LH. Engir fulltrúar hér frá börnum/unglingum og það er alltaf verið að atast út í krakkana sem ekki hafa fulltrúa hér á þessu þingi. Krakkar eru vel ríðandi og flink. Vill ekki fara að banna krökkum að keppa á graðhestum. Forræðishyggja sem gengur ekki upp.

Jón Albert Sigurbjörnsson. Vill ekki blanda sér í deilu um forræðishyggju en sagði frá umræðum í kjölfar heimsmeti í skeiði. Stjórn LH dró ekki lappirnar í því að staðfesta heimsmetið.

Þingforseti mælist til að rædd verði þau þingskjöl sem eru til umræðu, ekki önnur mál.

Gengið til kosninga um þingskjal nr. 20

- Þingskjal nr. 20 felld með 73 atkvæðum gegn42 -

ALLSHERJARNEFND

Sigurður Ragnarsson formaður allsherjarnefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar en alls störfuðu 24 þingfulltrúar í henni. Fyrir allsherjarnefnd lágu 8 þingakjöl; nr. 1, 2, 3, 4, 7, 8, 11 og 12.

Þingskjal nr. 1

Þingskjalið fjallar um að fækka þingfulltrúum aðildarfélaganna á landsþingum LH. Nefndin gerir það að tillögu sinni að tillagan verði felld.

- Þingskjal nr. 1 fellt með þorra greiddra atkvæða gegn 4 -

Þingskjal nr. 2A

Fjallar um að rýmka skilafrest á tillögum til landsþings LH. Allsherjarnefnd gerði smá orðalagsbreytingar á þingskjalinu og leggur það fram sem þingskjal nr. 2A og verður þá: “Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 8 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.”

-Þingskjal nr. 2A samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 3

Fjallar um að þingið samþykkir tillögur um dýralæknaskoðun á Íslandsmótum, fjórðungsmótum og Landsmótum hestamanna og ítrekaðar heilbrigðisreglur.

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til millipinganefndar.

Jón Albert Sigurbjörnsson. Leggur eindregið til að tillagan sé samþykkt eins og hún er. Mikil umræða er um allan heim um velferð hesta. Þetta er stórmál sem þarf að samþykkja strax.

Kristinn Hugason starfaði í nefndinni og styður niðurstöðu hennar. Málið er ekki eins einfalt og formaður LH vill vera að láta. Óljóst orðalag er galli á tillögunni. Málið er þarft en þarfnast nánari skoðunar.

Jónas Kristjánsson spurði um mun á feitletruðum greinum og venjulegum.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Finns þetta nauðsynlegt mál og styður það að tillagan fari til millipinganefndar til frekar úrvinnslu.

Þingforsetibar upp tillögu nefndarinnar um að vísa þingskjalinu til millipinganefndar.

- Þingskjali nr. 3 vísað til millipinganefndar -

Þingskjal nr. 4

Fjallar um tillögu um breytingu (viðbætur) á grein 6.5. um val hrossa og keppenda á Landsmót en á 54 landsþingi var stjórn LH falið að skipa 5 manna nefnd um val hrossa í gæðingakeppni á Landsmóti.

Allsherjarnefnd leggur til að tillagan verði felld.

- Þingskjal nr. 4 fellt með þorra atkvæða gegn 2 -

Þingskjalnr. 7A

Fjallar um að fela stjórn LH að kanna hvort grundvöllur sé fyrir gerð **leiðbeininga**, þar sem lögð verði áhersla á að draga saman og skerpa þau lög og reglugerðir sem varða skráningar hest og knapa á mót.

Lagt fram með smá orðalagsbreytingum frá allsherjarnefnd sem þingskjal 7A

-Þingskjal nr. 7A samþykkt samhljóða -

Þingskjalnr. 8A

Lagt fram með smá orðalagsbreytingu frá allsherjarnefnd og fjallar um tillögu til lagabreytingar: Kafli 7.3 um Keppnishesta, sýnendur og búnað. 7.3.1 Keppnisréttur og skráning:

“Ef um fjöleignarfélag er að ræða skal við skráningu tilgreina hvaða eigandi er ábyrgur fyrir skráningunni.”

Bjarni Finnsson. Benti á líklega yfirsjón nefndarinnar. Í greinargerð er bent á hluthafaskrá en það er ekki nægjanlegt.

- Þingskjal nr. 8A samþykkt samhljóða -

Þingskjalnr. 11

Þingskjalið er ályktun um að beina til Landsmóts ehf. að gera Landsmót hestamanna ekki að einni stærstu útihátíð landsins.

Allsherjarnefnd leggur til að þessi tillaga verði skoðuð.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Bendir á að tillagan gangi út á það að gera LM ekki að stærstu útihátíð landsins. Er það ekki fáránleg þversögn?

Ragnar Tómasson. Auðvitað viljum við hafa LM stærstu útihátíð landsins. Ragnar leggur til að fella tillöguna.

Kristinn Hugason. Orðalag tillögu ekki nógu nákvæmt. Vill bæta við; ...ekki að einni stærstu **almennu** útihátíð landsins.

JónAlbert Sigurbjörnsson. Treystir stjórn landsmóts fullkomlega til að ákveða dagskrá á LM. Mælir með því að tillagan verði felld.

Guðmundur Hagalínsson. Leggur til að þessari tillögu verði vísað frá.

- Þingskjali nr. 11 vísað frá með þorra atkvæða gegn 5 -

Þingskjal nr. 12

Fjallar um að beina því til Landsmóts ehf. að endurskipuleggja dagskrá Landsmóts með það í huga að byrja ekki á yngri flokkum. Allsherjarnefnd lagði til að tillögu yrði vísað frá.

- Þingskjali nr. 12 vísað frá og var það samþykkt samhljóða -

FJÁRHAGSNEFND

Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður fjárhagsnefndar lagði fram fjárhagsáætlun 2007 og 2008 eins og nefndin gekk frá þeim. Leggur til að áætlanir verði samþykktar eins og þær liggja fyrir á þingskjölum nr. 28 og 29. Las síðan upp minnispunkta til stjórnar frá fjárhagsnefnd. Er þar komið inn á ýmislegt sem nefndin telur vera til bóta til framtíðar.

Minnispunktar eru eftirfarandi:

1. Fjárhagsáætlanir verði með þeim hætti að þær virki mun betur sem stjórnþæki fyrir stjórnendur LH í framtíðinni. Greinargerð fylgi með þeim þar sem fram komi hvort stefnt skuli að breytingum í rekstri eða ekki.
2. Telur nefndin að í þessu sambandi þurfi meðal annars að sundurliða alla tekju- og gjaldaliði mun betur í áætlunum en nú er gert. Þá þurfa fjárhagsáætlanir að vera samanburðarhæfar við reikninga félagsins hvað þetta varðar.
3. Til þess að betri og markvissari vinna verði unnin í fjárhagsnefnd og þar með á landsþingum LH hverju sinni, varðandi fjárhagsáætlanir, hugi stjórnin að því hvort ekki sé hægt að koma gögnum er þetta varðar fyrr en nú til kjörinna þingfulltrúa. Telur nefndin ófullnægjandi að fá að sjá fjárhagsáætlanir samdægurs og hún skal fjalla um þær og afgreiða.
4. Þessir minnispunktar er settir fram þar sem fjárhagsnefnd þótti á skorta að nefndin gæti fjallað nógu faglega og markvisst um fjárhagsáætlanirnar.

Þingskjal nr. 28

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2007.

- Þingskjal nr. 28 samþykkt með þorra atkvæða gegn 1 -

Þingskjal nr. 29

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.

- Þingskjal nr. 29 samþykkt með þorra atkvæða gegn 1 -

Afgreiðsla nefnda lokið

Jón Albert Sigurbjörnsson tók til máls þar sem kosningar eru næst á dagskrá. Hann hverfur nú til annarra starfa. Búinn að starfa í LH í mörg ár. Þakkaði mörgum samstarfsmönnum frábæra vinnu. Þakkaði að svo búnu fyrir sig.

Þingheimur þakkaði Jóni Alberti fyrir vel unnin störf með því að rísa úr sætum og með dynjandi lófataki.

KOSNINGAR:

Marteinn Valdimarsson þingforseti bað um afbrigði við þingsköp þannig að atkvæðagreiðsla fari ekki fram skriflega ef aðeins er tilnefnt í þau stjórnarsæti sem kosið er um.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Guðmundur Hagalínsson formaður kjörnefndar kynnti og gerði grein fyrir tilnefningum nefndarinnar.

STJÓRN LH:

1. **Formaður LH til tveggja ára.** Tillaga kjörnefndar; Haraldur Þórarinnsson, Sleipni. Lýst var eftir öðrum tillögum en þær bárust ekki. Haraldur kosinn með lófataki og þingsalur reis úr sætum.
2. **Varaformaður LH til tveggja ára.** Tillaga kjörnefndar; Vilhjálmur Skúlason, Fáki. Lýst var eftir öðrum tillögum en þær bárust ekki. Vilhjálmur kosinn með dynjandi lófataki
3. **Fimm meðstjórnendur til tveggja ára.** Kjörnefnd stillti þannig upp: Sigurður E. Ævarsson, Sörla, Einar Ragnarsson, Herði, Sigfús Helgason, Létti, Oddur Hafsteinsson, Andvara

Sigurður Ragnarsson. Uppástunga um Maríönnu Gunnarsdóttir Fák.

Þingforsetibauð frambjóðendum að kynna sig stuttlega á meðan verið var að dreifa kjörseðlum.

Marianna Gunnarsdóttir Hefur starfað í félagsmálum í 13 ár og keppt mun lengur. Mjög liðtæk í félagsmálum, setið m.a. í stjórn Fáks.

Oddur Hafsteinsson tók til máls og kynnti sig. Hefur verið í hestamennsku í 30 ár og í félagsstörfum nánast allan þann tíma.

Meðan talning atkvæða fór fram voru tvö erindi flutt.

ERINDI – MENNTAMÁL:

Kynning á hestabraut Fjölbrautarskóla Suðurlands

Haraldur Þórarinnsson nýkjörinn formaður tók til máls. Hann þakkar kærlega fyrir sig og það traust sem honum er sýnt.

Haraldur flutti kynningu um hestabraut hjá FSu sem Sigurður skólameistari ætlaði að flytja en er því miður ekki hér í dag af óviðráðanlegum aðstæðu.

Fyrst fór Haraldur yfir forsögu málsins hjá LH; Árið 1999 var ákveðið á LH þingi hér í Borgarnesi að skipa nefnd um stigskipt menntakerfi í hestamennsku fyrir grunn- og framhaldsskóla. Í þeirri nefnd sátu aðilar frá LH, FT, Fhrb og Hólaskóla. Lagði nefndin grunn að stigskiptu menntakerfi og fékk það í framhaldinu samþykkt sem menntastefnu LH hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands.

Átaksverkefnið tók til starfa árið 2000 og Hulda Gústafsdóttir, framkvæmdastjóri átaksins var fengin til að vinna knapamerkjakerfið áfram, ásamt fleirum. Námsefnið hefur þróast töluvert frá upphaflegu áætluninni.

Það gekk illa að vista menntakerfið hjá menntamálaráðuneytinu í fyrstu. Þorgerður Katrín menntamálaráðherra tók þessu vel og upp úr því var skipuð nefnd um að hefja nám í hestamennsku í fjölbrautarskóla. Ýmiss vandkvæði eru með að koma hestamenskunni inn í menntamálakerfið, það er dýrt nám og nemendafjöldi í einum hóp getur aldrei verið eins stór. Fjölbrautarskólarnir taka eingöngu 25.000 fyrir önnina en þetta nám er mun dýrara en það. Leyfi fékkst fyrir almennri námsbraut í hestamennsku í skólasamningi FSu 2006 – 2008. Hugmyndir um námsbrautir er m.a. tveggja ára starfsnámsbraut með vinnu á hestaleigum og í hestaferðum og aðstoða við tamningar – Fjórir þriggja eininga áfangar í reiðmennsku að miklu leyti byggir á knapamerkjakerfinu – Nokkrir fagbóklegir og verklegir áfangar aðrir, m.a. í járningum auk verknáms á sumrin – Almennar bóklegar greinar.

LH ætlar ekki að hafa þetta nám á sinni könnu til frambúðar, einungis þann tíma sem verið er að prufukeyra það. Ef þetta tekst vel, þá taka skólarnir sjálfir við. Það þarf að skilgreina námið betur og knapamerkjakerfið þarf að aðlagast að námsferlinu. 30 nemendur sóttu um á Selfossi haustið 2006. Þetta er 30 manns í fagbóklega áfanganum (HEM103) en tveir sex manna hópar í verklega áfanganum (REM103).

Nám í hestamennsku heyrir undir bæði landbúnaðar- og menntamálaráðuneytið. Tækifærin liggja líka sterk í grunnskólum.

Þingforseti þakkaði Haraldi fyrir erindið.

Vilhjálmur Skúlason nýkjörinn varaformaður, þakkar þann stuðning og traust sem honum er sýnt. Þakkar Jóni Alberti fyrir störf sín í þágu hestamanna um land allt. Hann muni beita sér fyrir innra skipulagi innan LH. Allt sem heitir fjáröflun félagsins verði aukin til muna.

ERINDI: ÁVERKASKOÐUN:

Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis á LM 2006

Sjá nánar glærur.

Sigríður Björnsdóttir flutti erindi um áverka á hrossum, sérstaklega keppnishrossum byggða á áverkaskoðun á LM síðastliðið sumar. Umræða skapaðist í kjölfar heimsmeistaramótsins í Svíþjóð en þar komu hestar íslensku keppendanna verst út hvað varðar áverka t.d. í munni. Áverkaskoðun á Landsmóti fór fram að beiðni LH í kjölfar þessarar umræðu.

Ástandið er ekki eins slæmt eftir skoðun sumarsins og haldið var í fyrstu en þó má margt bæta. Sigríður kynnti niðurstöðum þessarar skoðunar. Áverkafundur var hjá 25% - 32% hesta (í munni). Mikið um það á LM að áverkar voru á innri kinn við fremsta jaxl í neðri góm og þarf því að athuga beislisbúnað og handtök. Ekki mikill núningur frá þessari tönn við kinn hests. Hestar yfirleitt ekki mikið raspaðir, sem er líka hægt að ofgera, þar kemur „hinn gullni meðalvegur“ sér best.

Áverkar á fótum; hvað er óásættanlegt þannig að hestur komist ekki í keppni? Algjört grundvallaratriði að sinar, liðbönd og liðir séu í fullkomnu lagi í keppni. Langalvarlegustu áverkanir. Athuga þarf liðbólur, sinaskeiðabólur, sár á húð sem geta verið eftir ágrip. Haltur hestur fer ekki í braut sama hvað komið hefur uppá. Allar tölur sem Sigríður sýnir koma úr forkeppninni. Alvarlegri ágrip voru í A floknum en B floknum. Þetta er ekki mikið en þó nóg til þess að þörf er á afskiptum.

Preytumerki. Fylling í kjúkulið; algengt og veldur ekki holti en getur leitt til þess að hross gefa ekki eins mikið af sér eins og annars. Hvað veldur þessu?

Heildarniðurstaða; eftirlit með áverkum nauðsynleg á stóru mótunum.

Sjá umræður um erindi Sigríðar eftir lok kosninga.

KOSNINGAR, framhald:

Guðmundur Hagalínsson kynnir niðurstöður talninga:

c) Fimm meðstjórnendur til tveggja ára. Greidd atkvæði voru 144, gild atkvæði 143, ógilt atkvæði 1. Atkvæðafjöldi féll sem hér segir:

Sigfús Helgason Létti – 132 atkvæði

Sigurður Ævarsson Sörla – 128 atkvæði

Marianna Gunnarsdóttir Fáki – 122 atkvæði

Einar Rúnarsson Herði – 116 atkvæði

Oddur Hafsteinsson Andvara – 113 atkvæði

Guðný G. Ívarsdóttir Herði – 90 atkvæði

Sigfús, Sigurður, Marianna, Einar og Oddur eru því rétt kjörnir meðstjórnendur til næstu tveggja ára

d) Fimm menn í varastjórn til tveggja ára. Kjörnefnd stillti þannig upp: Hinrik Már Jónsson, Stíganda, Sigrún Valdimarsdóttir, Mána, Þorvaldur Helgason, Fáki, Kjartan Hreinsson, Hornfirðingi og Eyþór Jón Gíslason, Glaði.

Lýst var eftir öðrum tillögum en þær bárust ekki. Þingforseti lýsti þau réttkjörin í varastjórn í kjölfar dynjandi lófataks.

KOSNING SKOÐUNARMANNA:

Kjörnefnd stakk upp á skoðunarmönnum til næstu tveggja ára:

Haraldur Guðfinnsson, Gusti

Ólöf Guðmundsdóttir, Fákí

Samþykkt samhljóða og þingforseti lýsti þau réttkjörin.

FULLTRÚAR LH Á ÞING ÍSÍ:

Tillaga kom um að vísa til stjórnar að finna fulltrúa á næsta þing ÍSÍ vorið 2008.

Engar mótbárur bárust og samþykkt samhljóða.

Umræður um erindi Sigríðar:

Jón Albert Sigurbjörnssontók til máls og þakkaði Sigríði Björnsdóttur samstarfið. Velferð dýra skiptir miklu máli. Hvatti hann til áframhalds á þessari vinnu.

Sigurður Ragnarsson þakkaði Sigríði fyrir gott erindi. Hann varpaði hann fram nokkrum spurningum.

1)Varð dýralæknir fyrir ónæði og aðkasti á LM 2006? (Guðlaugur Antonsson kom í pontu fyrsta dag þingsins og var harðorður varðandi þessa spurningu).

2) Hvað með kynbótahrossin á LM, var sama útkomur hjá þeim og keppnishrossum, þ.e. var sama skoðun á þeim og hjá keppnishrossunum.

3) Sigurður vakti athygli á því að nokkrir hestar voru ónothæfir eftir LM og gagnrýndi hann orð Guðlaugs Antonssonar frá því í gær.

Kristinn Hugason. Þakkaði gott erindi. Vill víkja að tvennu í sambandi við reglur. Dýrasýningar eru ekki hestakeppnir samkvæmt skilningi hans.

Getur það ekki verið að reglugerð um lyf í hrossum sé of stíf. Finnst honum of langt gegnið í reglum um lyf. Telur reglugerðina þverbrotna í bak og fyrir.

Guðlaugur Antonsson. Biðst afsökunar á orðum sínum ef mönnum finnst hann hafa gengið of langt. Þó er spurning hvort hross sem dæmt hefur verið frá keppni í einni grein geti mætt í aðra, eins og dæmi eru til um. Telur sig verða að ræða þessi mál. Áverkaskráningar hafa verið í 3-4 ár í kynbótasýningum.

Sigurður Ragnarsson. Varð finna að framsetningu Guðlaugs í gær um áverka og keppni. Ávörp gesta í upphafi þings ekki rétti staðurinn

Guðlaugur Antonsson svaraði Sigurði; „er þetta ekki rétti staðurinn til að tala um þessi mál“. Guðlaugi finnst LH þing rétti vettvangurinn til að ræða þessi mál.

Bjarni Þorkelsson. Þakkaði Sigríði erindið. Kári Arnórsson kvartaði yfir því að lítið væri ort á þinginu og vitnaði í þá sælu tíð er Jón í Skollagröf var á dögum. Undir erindi Sigríðar dýralæknis datt honum þessi skýring í hug:

*Andríkinu aftur fer
orðsins list í hafti.
Skýringin hér orðuð er:
áverkar í kjafti.*

Einar Ragnarsson. Tekur undir þakki til Sigríðar. Hann spyr hvort hún telji ekki að það sé hægt að halda þessu eftirliti á því reglugerðaverki sem nú er í gangi?

Sigríður Björnsdóttir. Það er alltaf óþægilegt að vísa hesti úr keppni. Hún mætti á LM og almennt séð er hún ánægð með viðtökur og samskipti við knapa. Kvíðir frekari samvinnu alls ekki. Ákveðin áverkaskráning er í gangi á kynbótahrossum, kynbótadómarar sjá um áverkaskráningu en gátu hringt ef þeir þurftu frekari aðstoð. Hafði engin tækifæri til að sinna meiru eins og þau voru mönnuð í sumar.

Í lögum um dýravernd eru búfjársýningar undanþegnar leyfum frá Umhverfisstofnun. Reglugerðin gildir að hennar mati um sýningar og keppnir aðrar en kynbótasýningar. Reglugerðin er þó ekki nógu skýr. Það kom henni ekki á óvart þótt einhverjir hestar hefðu verið eftir sig eftir mót.

Reglugerð um lyfjanotkun er nokkuð stíf enda byggð að erlendri fyrirmynd. En er hestur sem þarf sérmeðhöndlun fyrir keppni heilbrigður hestur? Sigríður telur svo ekki vera.

Kári Arnórsson. Þakkar Sigríði fyrir sitt erindi. Að litlu tilefni verða oft til vísur og ein varð til þegar hann fór á karlasnyrtinguna og sá dálitla bleytu á gólfinu við pissu skálarnar. Vísan er svona:

*“Hér hafa karlar kastað af sér vatni
og kannski hefur sumum verið mál.
Það virðist þurfa verulega natni
við að hitta rétt í svona skál.”*

Síðan rifjaði Kári upp umræðu frá því í gær en þá kom fram tillaga vegna skemmtanahalds á Landsmóti hestamanna, um það að vera ekki að sækjast eftir fólki sem bara kæmi á útisamkomur til að skemmta sér og ekki ástæða til að móttín yrðu stærstu útisamkomur þess vegna. Margir undruðust þessa tillögu, m.a. Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður landsmóts. Þá varð þessi vísa til:

*“Við eigum að fara á mót og láta okkur leiðast
og líka passa að þau verði' ekki alltof stór.
Er nokkur furða þó Sveinbjörn sé farinn að reiðast
og finnist þetta dæmalaust yfirklor.”*

ÁKVÖRÐUN UM VAL Á ÍSLANDSMÓTSSTAÐ:

Hestamannafélagið Fákur í Reykjavík sækir um að halda Íslandsmót 2008 bæði í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum og fullorðinsflokkum

Samþykkt að Fákur haldi Íslandsmót 2008 bæði í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum og fullorðinsflokkum á Fákssvæðinu og færir þingforseti þeim þakkir.

Hestamannafélagið Léttir á Akureyri sækir um að halda Íslandsmót fullorðinna 2009.

Samþykkt að Íslandsmót fullorðinna 2009 verði í boði Léttis.

Hestamannafélagið Hörður í Mosfellsbæ býður að halda Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna árið 2009.

Samþykkt að Íslandsmót barna, unglinga- og ungmenna 2009 verði í boði Harðar.

Hestamannafélagið Þytur í Vestur Húnaþingi býður að halda Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna 2010 í tilefni af 60 ára afmælis félagsins.

Samþykkt að Íslandsmót barna-, unglinga- og ungmenna 2010 verði í boði Þyts

Yfirlit yfir Íslandsmótin 2008 – 2010:

Íslandsmót fullorðinna árið 2008

heldur Hestamannafélagið Fákur í Reykjavík

Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna árið 2008

heldur Hestamannafélagið Fákur í Reykjavík

Íslandsmót fullorðinna árið 2009

heldur Hestamannafélagið Léttir á Akureyri

Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna árið 2009

heldur Hestamannafélagið Hörður í Mosfellsbæ

Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna árið 2010

heldur Hestamannafélagið Þytur í Vestur Húnaþingi

AFHENDING ÆSKULÝÐSBIKARS LH:

Haraldur Þórarinnsson nýkjörinn formaður tilkynnti hver fengi æskulýðsbikarinn að þessu sinni en hann er veittur því hestamannafélagi sem þykir hafa skarað framúr í æskulýðsmálum á starfsárinu.

Það er greinilegt að mikið og metnaðarfullt starf er unnið í æskulýðsmálum í flestum þeim félögum sem sendu inn skýrslur í ár og víða mikið lagt uppúr faglegum frágangi á útliti þeirra. Ein skýrsla þótti standa uppúr í starfinu, að öðrum ólöstuðum. Það er skýrsla hestamannafélagsins Léttis á Akureyri. Þar hafa orðið miklar framfarir í félaginu á sviði æskulýðsstarfs og mjög öflugt starf unnið þar þrátt fyrir mikið aðstöðuleysi.

Hestamannafélagið Léttir á Akureyri er því handhafi æskulýðsbikars LH árið 2006. Hvatti formaður félagið til áframhaldandi góðrar vinnu að æskulýðsmálum og óskaði Léttismönnum til hamingju með bikarinn.

ÖNNUR MÁL:

Sigþór Gunnarsson, Stormi. Fannst þetta mjög ánægjulegt þing, hlakkar alltaf til landsþinga LH. Óskar nýrri stjórn til hamingju og ekki síður þeirri sem er að fara frá. Taldi þó halla á konur í stjórninni. Færri vísur hafa komið en oft áður og hann saknar líka söngs. Ráð væri að koma skipulagi á söng fyrir næsta þing. Þakkar enn og aftur fyrir skemmtilegt þing.

Kári Arnórsson. Kemur fram með ályktun sem er svohljóðandi:

55. landsþing hestamanna haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006, ályktar eftirfarandi:

Vegna þeirra hörmulegu slysa sem orðið hafa á þessu ári í hestamennskunni beinir þingið þeim tilmælum til stjórnar LH að hún setji saman hóp valinkunnra einstaklinga með það fyrir augum að hópurinn taki sama upplýsingar um öll hin alverlegri slys og reyni að skilgreina orsakir þeirra og leiti leiða hvernig hægt sé að koma í veg fyrir þau. Í þessu sambandi er sérstaklega haft í huga þeir alvarlegu mænuskaðar sem fólk hefur orðið fyrir.

Telur þingið nauðsynlegt að í þennan slysarannsóknarhópi veljist einstaklingar með mismunandi sérþekkingu, s.s. læknar og reiðkennarar.

Jón Geir Ólafsson formaður hestamannafélagsins Kóps býður þingfulltrúa velkomna á Landsþing LH á Klaustri árið 2008. Með skriflegu bréfi til stjórnar LH um þetta boð fylgir listi yfir gistimöguleika á Klaustri.

Boð þetta verður tekið fyrir á stjórnarfundi LH.

Bjarnleifur Bjarnleifsson óskar nýrri stjórn til hamingju með kjörið og þakkar Jóni Alberti góð störf í þágu hestamanna.

Þingforseti þakkaði þingheim góð þingstörf og óskaði fulltrúum góðrar skemmtunar í kvöld.

Haraldur Þórarinnsson formaður LH þakkar fyrir málefnalegt þing, nefndarformönnum og hestamannafélaginu Skugga fyrir þeirra þátt í góðu þingi. Þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju. Þakkar hestamannafélaginu Kópi fyrir boð á þing 2008.

Haraldur færði Jóni Alberti sérstakar þakkir fyrir samstarfið, það hafi ekki alltaf verið auðvelt að vinna með honum en alltaf hafi það verið gaman. Jón vinnur hlutina með hjartanu. Vonar að ný stjórn eigi eftir að standa sig.

Í lokin þakkar hann fyrir sig og nýkjörna stjórn. Gefur hann Marteini þingforseta orðið.

Þingforsetumog riturum falið að ganga frá þinggerð.

Marteinn Valdimarsson þingforseti segir 55. landsþingi LH slitið.